

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfi og tengd leyfi, eftirlit, úttektir og afgreiðslur hjá Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Almennt.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Sömuleiðis er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

2. gr.

Gjöld.

Gjöld er greiddist til bæjarsjóðs, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

1. Fastagjald (umfjöllunargjald)	4.950 kr.
2. Byggingarleyfisgjald, íbúðarhús (hver íbúð)	25.300 kr.
3. Byggingarleyfisgjald, búpeningshús	18.700 kr.
4. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	9.900 kr.
5. Úttektar- og eftirlitsgjald (hvert skipti)	4.400 kr.
6. Vottorð um byggingarstig	7.700 kr.
7. Mælingargjald (þéttbýli)	25.300 kr.
8. Mælingargjald (dreifbýli)	14.850 kr.
9. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga (eldri hús)	18.700 kr.
10. Útkall byggingarfulltrúa (hvert skipti)	7.700 kr.

Skýringar við ofangreind gjöld:

1. Gjald fyrir umfjöllun í umhverfisnefnd Grundarfjarðar. Útgáfa skriflegs svars.
2. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á öllum teikningum, byggingarnefndar- og sérteikningum og yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og Fasteignamati samþykktar teikningar.
3. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á hönnunargögnum, s.s. byggingarnefndar- og sérteikningum, yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og Fasteignamati samþykktar teikningar.
4. Gjald fyrir stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar. Um er að ræða hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar.
5. Gjald fyrir úttektir og eftirlit í samræmi við 53. gr. skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar.
6. Gjald fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga. T.d. fohheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, staðfesting á fullnaðarfrágangi vegna endurbótalána, byggingarvottorð o.s.frv. Vottorðum fylgir í flestum tilfellum úttekt.
7. Útsetning á staðsetningu lóðar og fasteignar (vegna nýbyggingar). Tvær línur settar út í lóðamörkum og tvær línur í sökkullinum. Upplýsingar gefnar um hæðarmerki. Um er að ræða hámark tvær útmælingar.
8. Útsetning á staðsetningu fasteignar eða lóðar. Tvær línur settar út í sökkullinum eða á lóðamörkum. Um er að ræða eina útmælingu.

9. Gjald fyrir yfirferð skráningartöflu og eignaskiptayfirlýsingar eldri húsa. (Gjald þetta er innifalið í byggingarleyfisgjaldi vegna nýbygginga).
10. Gjald fyrir útkall byggingarfulltrúa.

3. gr.

Greiðslur gjalda.

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar, 10. janúar 2008.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri.